

Námsvísir að ensku á elsta stigi Hvolsskóla skólaárið 2008- 2009



Kennarar: Halldóra Magnúsdóttir,
Jarek Dudziak,
Muhammad Azfar Karim
Tinna Erlingsdóttir

Stuðningsfulltrúar:
Arnheiður Harðardóttir
Edda Hlíf Hlífarsdóttir
Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir

Fyrir Íslendinga gegnir enskan lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum t.d. tölvusamskiptum og ferðalögum en þessi atriði krefjast haldgóðrar enskukunnáttu. Mikilvægt er að nemendur temji sér að nota ensku í rituðu og töluðu máli og að þeir geti notað hana í almennum samskiptum við hinar ýmsu þjóðir. Málfræðin er tæki til að geta beitt tungumálinu á réttan hátt. Þá veitir enskukunnáttan okkur innsýn í fjölbreyttan menningarheim sem nær út fyrir Bretland og Bandaríkin.

Markmið:

Að nemendur

- Lesi á eigin spýtur bækur sem henta þeirra getu.
- Þjálfist í grunnpáttum málfræðinnar og geti beitt henni rétt.
- Æfi skipulega ritun markvisst eftir fyrirmyndum eða fyrirmælum og geti skrifað enskan texta frá eigin brjósti.
- Þjálfist í að nota hjálpargögn eins og íslensk-enska og ensk-íslenskar orðabækur ásamt einföldum leiðréttingarforritum.
- Skilji fyrirmæli og skilji bekkjarfélagana og enskumælandi fólk.
- Hafi samskipti í skólastofunni og í alþjóðasamfélaginu.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði

- ✓ Vinna sjálfstætt að eigin markmiðum.
- ✓ Lestur bókmennta og fræðsluefni.
- ✓ Þátttaka í paravinnu, hópvinnu ásamt einstaklingsvinnu.
- ✓ Áhersla á umræðu og spurnaraðferðir.
- ✓ Bein kennsla og innlagnir.
- ✓ Verkefnavinna þar sem leitaraðferðir eru notaðar, þjálfunaræfingar, innlifunaraðferð.
- ✓ Að skrifa ritgerðir og skapandi ritun.
- ✓ Leikir
- ✓ Áhugasviðsverkefni



Námsgögn

- ✓ Build Up 2, Network 1 – 3, Matrix 1 – 3, Listen first 1 – 3, Master Class, ABC málfraeði, Einn, tveir, þrjú málfraeði. Tölvuforrit, CD, DVD, Námsleikir, Forrit á veraldarvef, Heimasíður, Fræðsluefni, Verkefni, Sjónvarpsefni, Kvikmyndir, myndir og fleira.

Námsmat

- ✓ Nemandi setur sér markmið í samráði við kennara og metur hvort hann er að ná árangri.
- ✓ Verkmöppur.
- ✓ Sjálfsmat.
- ✓ Jafningjamat.
- ✓ Matslistar.
- ✓ Leiðarbók
- ✓ Kannanir.
- ✓ Stöðupróf.
- ✓ Lokapróf, kaflapróf



Í lok annar eru gefnar tvær einkunnir í ensku. Kennaraeinkunn (mat) 50 % og Prófseinkunn 50 %.

Prófseinkunn byggir á stöðuprófum og kaflaprófum sem nemendur taka í lok hvers kafla.

Kennaraeinkunn byggir á verkmöppu - portfolio (60%) annars vegar, hins vegar á ýmsum verkefnum svo sem þemaverkefnum, virkni í kennslustundum, áhugasviðsverkefnum vinnubók (Workbook), og fl. (40%).